

1. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga

11. apríl 2017, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 20:00

Mætt eru: SÍF: Þuríður Birna Björnsdóttir Debes, AIESEC: Nicole Buot Navarro og Danilo Nava, AFS: Hildur Ýr Aðalsteinsdóttir, CISV: Eyþór Máni Steinarsson, UU: Pétur Halldórsson, JCI: Svava Arnarsdóttir, UP: Ásmundur Guðjónsson, Samfés: Svava Gunnarsdóttir og Ungliðahreyfing Viðreisnar: Ólafur Þorri Árnason. **Fulltrúar stjórnar:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB), Sara Sigurðardóttir (SS), Marínó Örn Ólafsson (MÖÓ), Ólafur Hrafn Halldórsson (ÓHH) og Una Hildardóttir (UH), auk Tinnu Isebarn (TI) framkvæmdastjóra LUF.

Fundur settur 20:13

Dagskrá:

1. SS formaður fulltrúaráðs stýrði fundi og bauð nýtt fulltrúaráð velkomið á fyrsta fund starfsársins.
2. SS kynnti stjórn og vinnureglur stjórnar.
3. Viðstaddir fulltrúar ráðsins kynntu sig og sitt félag.
4. SS hélt stutta kynningu á LUF.
5. **Framkvæmdaráætlun stjórnar** var tekin til umræðu og atkvæðagreiðslu. Var hún samþykkt með 12 atkvæðum, en einn fulltrúi sat hjá.
6. Tillögur stjórnar um **framhald leiðtogaskólans** voru kynntar, teknar til umræðu og samþykktar með 12 atkvæðum, einn sat hjá. Voru tillögurnar þó samþykktar með fyrirvara um kröfur Evrópuráðsins ef fjárstyrkur fæst þaðan.
7. TI kynnti **framhald #ÉgKýs** verkefnisins.
8. SHB kynnti **fjárhagsstöðu félagsins** og gerði grein fyrir samskiptum félagsins við stjórnvöld.
9. **Úttekt á fjárhagsstöðu aðildarfélaganna:** TI kynnti tvær hugmyndir að útfærslu og var samþykkt að stjórn sendi fulltrúaráði drög að skýrslusniðmáti áður en það er sent út á aðildarfélögin til útfyllingar.
10. TI kynnti stöðu verkefnis um **málefni ungra innflytjenda** og fyrirhugaða skýrslu.
11. SHB fór yfir stöðu alþjóðamála og kynnti **alþjóðastarf** LUF.
12. **Stofnun alþjóðadeildar:** Fulltrúar AIESEC, Samfés, UP, SÍF og JCI gáfu kost á sér til setu í deildinni, var það fyrirkomulag samþykkt með 12 atkvæðum, en einn sat hjá.
13. ÓHH kynnti fyrirhugaðar breytingar á heimasíðu og ákveðið var að taka upp nýtt lógó.
14. SHB gerði grein fyrir samskiptum félagsins við Rsk. og UMFÍ vegna breytingu á nafni.
15. TI kynnti aðgerðaráætlun og stefnu í æskulýðsmálum sem og fyrirhugaðar umsagnir um þingsályktunar- og lagabreytingartillögur.
16. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 22:30.

TI ritaði fundargerð.